

Nd.

**193. Nefndarálit**

um frumv. til laga um vita, sjómerki o. fl.

Nefndin hefir athugað frumvarpið og felst hún á þær breytingar á stjórnarfrumvarpinu og viðauka við það, sem gerðar hafa verið í efri deild. En með því að nefndinni virðist orðalag frumvarpsins ekki svo greinilegt sem skyldi á nokkrum stöðum, leyfir hún sér að leggja það til, að háttv. neðri deild samþykki eftirfarandi

### BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Síðari hluti 3. gr. frá og með orðunum: »og ef hann vill leggja merki niður« til enda greinarinnar orðist svo:  
Nú vilja umráðamenn leggja niður merki, sem eigi ber skylda til að halda við áfram, og skal það þá tilkynnt stjórnarráðinu með 2 mánaða fyrirvara að minsta kosti, Sé merki þannig burtu numið, skal það gert svo rækilega, að á því verði ekki vilst á eftir.
2. Í staðinn fyrir orðið »og« i 2. línu 4. greinar komi: eða.
3. Í 2. málslíð 7. greinar komi í stað orðanna: »eða leggja . . . bráðabirgða«:  
Jafnan skal hafnarnefnd láta leggja dufl út til viðvörðunar, þar er svo er ástatt, þangað til fullnaðarráðstöfun hefir verið gerð.

Neðri deild alþingis, 14. marz 1911.

Magnús Blöndahl,  
formaður.

H. Hafstein,  
skrifari.

Bjarni Jónsson  
frá Vogu.

Jón Magnússon.

Björn Kristjánsson.